

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B129-131

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 129-131

Nr. 839-859

2004

Efnisyfirlit B 129–131 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
839	18. okt.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	2185
840	25. okt.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	2186
841	26. okt.	Reglugerð um afnám reglugerðar nr. 753, 10. október 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Eldeyjarbanka	2187
842	25. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla með síðari breytingum	2188-2190
843	19. okt.	Skipulagsskrá fyrir Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (RSE)	2191-2193
844	12. okt.	Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Akraneskaupstað	2193-2196
845	18. okt.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Dalvíkurbyggð.....	2196-2198
846	19. okt.	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorbjörns Arnasonar	2199-2200
847	15. okt.	Auglýsing um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit	2200
848	20. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 916/2001 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum	2201
849	18. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi vöruhafnar, Akureyri	2202
850	13. okt.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	2202
851	15. okt.	Auglýsing um deiliskipulag á Akureyri	2203
852	22. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991, með síðari breytingum.....	2203-2208
853	11. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995	2208
854	5. okt.	Auglýsing um deiliskipulag á Ytra-Hólmi 1, Innri- Akraneshreppi	2209
855	18. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi, athafnasvæði-Helluhraun, 1. áfangi, Hringhella 14, Hafnarfirði	2209
856	11. okt.	Auglýsing um skipulagsmál í Hafnarfirði	2209
857	15. okt.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2210
858		Reikningur Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2003	2210-2211
859	11. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Hálsabyggð fyrir frístundahús í landi Laufáss, Borgarbyggð	2212

STJÓRNARTÍÐINDI B 129 – 2004

18. október 2004

2185

Nr. 839

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Kvosin, Vesturgata 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 6. október 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kvosina, lóðina Vesturgötu 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturhöfn, Fiskislóð-Hólmaslóð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 30. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturhöfn, lóðir við Fiskislóð og Hólmaslóð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vogaskóli, Ferjuvogi 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogaskóla við Ferjuvog 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.172.0.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. október 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.172.0, lóðina Laugaveg 31 og Vatnsstíg 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 18. október 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 130 – 2004

Nr. 840

2186

25. október 2004

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Öskjuhlíð – Keiluhöll.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. október 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Öskjuhlíð, Keiluhöllina.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.152.5, Skúlagötusvæði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 6. október 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.152.5, lóðarmörk lóðanna Lindargötu 40, 42, 42b, 44a og b og Vatnsstíg 12.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.132.0, Norðurstígsreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 13. október 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðurstígsreit, vegna lóðarinnar Ægisgötu 5 (áður Nýlendugötu 10).

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.1, Smiðjustígur 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 13. október 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.1, lóðina Smiðjustíg 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 25. október 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 753, 10. október 2001,
um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Eldeyjarbanka.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 753, 10. október 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Eldeyjarbanka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 27. október 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. október 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 131 – 2004

Nr. 842

2188

25. október 2004

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað lista, í viðauka 10, yfir leyfilega fyrri farma komi eftirfarandi listi:

Efni	CAS-númer
Ediksýra - (etansýra)	64-19-7
Ediksýruanhýdríð	108-24-7
Aseton - (2-própanon; dímetýlketon)	67-64-1
Súrar olíur og fitusýrueimi - úr jurtaolfum og fitum og/eða blöndum þeirra, svo og fita og olíur af dýrum	
Ammóníumhýdroxíð - (ammóníumhýdrat; ammóníakslausn; ammóníaksvatn)	1336-21-6
Ammóníumpólýfosfat	68333-79-9
10124-31-9	
Olíur og fitur unnar úr dýrum og jurtum (þó ekki olía úr kasúhnetum og hrá furuolía)	
Bývax - (hvítt og gult)	8006-40-4
	8012-89-3
Bensýlalkóhól - (aðeins lyfja- og hvarfefnahreinleiki)	100-51-6
Bútýlasetót: n-bútýlasetat; sec-bútýlasetat; tert-bútýlasetat	123-86-4;
	105-46-4;
	540-88-5
Kalsíumklóríðlausn - (ef farmur sem fluttur var næst þar á undan er á þessum lista og sá farmur hefur ekki samsvarandi takmarkanir)	10043-52-4
Kalsíumlignósúlfónat	8061-52-7
Kandelillavax	8006-44-8
Karnaubavax - (Brasilúvax)	8015-86-9
Sýklóhexan - (hexametýlen; hexanaften; hexalhýdróbenzen)	110-82-7
Epoxuð sojabaunaolía - (oxíran-súrefnisinnihald minnst 7% og mest 8%)	8013-07-8
Etanól - (etýlalkóhól)	64-17-5
Etýlasetat - (ediksýruetýlester)	141-78-6
2-etýlhexanól - (2-etýlhexýlalkóhól)	104-76-7
<i>Fítusýrur:</i>	
Smjörkýra - (bútansýra)	107-92-6
Valerínsýra - (pentansýra)	109-52-4
Kaprónsýra - (hexansýra)	142-62-1
Heptansýra	111-14-8
Kaprýlsýra - (oktansýra)	124-07-2
Pelargónsýra - (nónansýra)	112-05-0
Kaprínsýra - (dekansýra)	334-48-5

Efni	CAS-númer
Lárínsýra - (dódekansýra)	143-07-7
Lároléínsýra - (dódekansýra)	4998-71-4
Mýristínsýra - (tetradekansýra)	544-63-8
Mýristóleínsýra - (tetradekansýra)	544-64-9
Palmitínsýra - (hexadekansýra)	57-10-3
Palmitóleínsýra - (cis-9-hexadekansýra)	373-49-9
Sterínsýra - (oktadekansýra)	57-11-4
Rísínólsýra - (cis-12-hýdroxýoktadek-9-ensýra)	141-22-0
Ólfúsýra - (oktadekansýra)	112-80-1
Línólsýra - (9,12-oktadekadíensýra)	60-33-3
Línólensýra - (9,12,15-oktadekatríensýra)	463-40-1
Arakínsýra - (eikósansýra)	506-30-9
Behensýra - (dókósansýra)	112-85-6
Erúkasýra - (cis-13-dókósensýra)	112-86-7
<i>Fitualkóhól:</i>	
Bútýlalkóhól - (1-bútanól)	71-36-3
Kapróýlalkóhól - (1-hexanól)	111-27-3
Enantýlalkóhól - (1-heptanól)	111-70-6
Kaprýlalkóhól - (1-oktanól)	111-87-5
Nónýlalkóhól - (1-nónanól)	143-08-8
Dekýlalkóhól - (1-dekanól)	112-30-1
Lárýlalkóhól - (dódekanól)	112-53-8
Trídekýlalkóhól - (1-trídekanól)	27458-92-0
	112-70-9
Mýristýlalkóhól - (1-tetradekanól)	112-72-1
Setýlalkóhól - (1-hexadekanól)	36653-82-4
Sterýlalkóhól - (1-oktadekanól)	112-92-5
Óleýlalkóhól - (oktadekanól)	143-28-2
<i>Fitualkóhól blöndur:</i>	
Lárylmýristýlalkóhól - (blanda af C ₁₂ -C ₁₄)	
Setýlstearýlalkóhól - (blanda af C ₁₆ -C ₁₈)	
Fitusýruesterar - allir esterar myndaðir með samsetningu einhverrar af framangreindum fitusýrum og einhers af framangreindum fitualkóhólum. Dæmi: bútýlmýristat, óleýlpalmítat og setýlsterat.	
<i>Metýlesterar af fitusýrum:</i>	
Dódekansýrumetylester - (metýldódekanat)	111-82-0
Hexadekansýrumetylester - (metýlhexadekanat)	112-39-0
Oktadekansýrumetylester - (metýloktadekanat)	112-61-8
Oktadekensýrumetylester - (metýloktadekenat)	112-62-9
Maurasýra - (metansýra)	64-18-6
Glýseról - (própantríól, glýserín)	56-81-5
<i>Glýkól:</i>	
Bútandíól	
1,3-bútandíól - (1,3-bútýlenglýkól)	107-88-0
1,4-bútandíól - (1,4-bútýlenglýkól)	110-63-4
Pólýprópýlenglýkól - (mólbungi yfir 400)	25322-69-4
Própýlenglýkól - (1,2-própýlenglýkól; própán-1,2-díól; 1,2-díhýdroxýprópan; mónóprópýlenglýkól (MPG); metýlglýkól)	57-55-6
1,3-própýlenglýkól - (trímétýlenglýkól; 1,3-própandíól)	504-63-2

Efni	CAS-númer
n-heptan	142-82-5
n-hexan: hreint til iðnaðar (teknískt)	110-54-3 64742-49-0
Ísóbútýlasetat - (ediksýruísóbútýlester)	110-19-0
Ísódekýlalkóhól - (ísódekanól)	25339-17-7
Ísónónýlalkóhól - (ísónónanól)	27458-94-2
Ísóoktýlalkóhól - (ísóoktanól)	26952-21-6
Ísóprópýlalkóhól - (IPA; 2-própanól; ísóprópanól)	67-63-0
Límónen - (dípenten)	138-86-3
Magnesiumklóríðlausn	7786-30-3
Metanól - (metýlalkóhól)	67-56-1
2-bútanon - (metýletýlketon)	78-93-3
4-metýl-2-pentanon - (metýlísóbútýlketon)	108-10-1
Metýl-tert-bútýlester - (MTBE)	1634-04-4
Kísildíoxíð (Míkró- eða Örkísill)	7631-86-9
Melassi	57-50-1
Montanvax	8002-53-7
Paraffínvax	8002-74-2 63231-60-7
Pentan	109-66-0
Fosfórsýra - (ortófosfórsýra)	7664-38-2
Drykkjarhæft vatn - (ef farmur sem fluttur var næst þar á undan er á þessum lista og sá farmur hefur ekki samsvarandi takmarkanir)	
Kalíumhýdroxíð - (ef farmur sem fluttur var næst þar á undan er á þessum lista og sá farmur hefur ekki samsvarandi takmarkanir)	
Própýlasetat - (ediksýru própýlester)	109-60-4
Própýlenfjórliða	6842-15-5
Própólalkóhól (própan-1-ól; 1-própanól)	71-23-8
Natríumhýdroxíð - (vítissóði) - (ef farmur sem fluttur var næst þar á undan er á þessum lista og sá farmur hefur ekki samsvarandi takmarkanir)	1310-73-2
Natríumsilíkat (glervatn)	1344-09-8
Sorbítól - (D-sorbítól)	50-70-4
Brennisteinssýra	7664-93-9
Þvagefnisammóníumnítratlausn - (UAN)	
Víndreggjar	868-14-4
Hvítar jarðefnaolfur	8042-47-5

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2004/4/EB sem vísað er til í j-lið 54. tl., XII. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Umhverfisráðuneytinu, 25. október 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (RSE).

1. gr.

Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (RSE) er sjálfseignarstofnun. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að auka skilning á mikilvægi frjálsra viðskipta og eignaréttinda fyrir lýðræðislegt og framsækið þjóðfélag.

Markmiðunum skal ná með rannsóknum, fræðslu, útgáfu, ráðstefnum og annarri þeirri starfsemi sem er til þess fallin að markmiðin náist.

3. gr.

Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál er sjálfstæð og óháð stofnun. Hún hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka, einstök framboð eða hagsmunasamtök. Hún þiggur ekki fjárframlög frá ríki eða sveitarfélögum. Hún er ekki rekin í atvinnu- eða hagnaðarskyni.

4. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar fer með æðsta vald um eignir, fjárhag og rekstur stofnunarinnar.

Fulltrúaráðið skal skipað 5 mönnum hið minnsta og 30 hið mesta. Að auki eiga formaður rannsóknarráðs og framkvæmdastjóri sjálfkrafa sæti í fulltrúaráðinu.

Fulltrúaráðið skal í upphafi tilnefnt af stofnendum. Fulltrúaráðið kys síðan sjálft nýja fulltrúa samkvæmt tilnefningu a.m.k. tveggja fulltrúa. Þarf $\frac{2}{3}$ atkvæða á fundi til að tilnefndur aðili setjist í fulltrúaráðið. Kjörtímabil hvers fulltrúa er 5 ár. Heimilt er að endurkjósa fulltrúa í lok kjörtímabils. Fulltrúaráðið getur vikið frá fulltrúa og þarf til þess $\frac{3}{4}$ atkvæða á fundi.

Fulltrúaráðið kys úr sínum röðum formann, féhirði og ritara til þriggja ára í senn. Fulltrúaráðið heldur aðalfund einu sinni hvert almanaksár, og aðra fundi eftir því sem ástæða er til og skal til þeirra boðað með tryggilegum hætti. Á aðalfundi skal fjallað um skýrslu stjórnar, um starfsemi liðins árs og um starfsemi næsta árs, þ. á m. um rannsóknaráætlun. Fundur er lögmaður ef meirihluti fulltrúa situr hann. Meirihluti atkvæða á fundi ræður úrslitum mála sé annað ekki tekið fram, sbr. 3. mgr. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta. Engin laun eða þóknun eru greidd fyrir setu í fulltrúaráðinu. Fundir skulu ritaðir í gerðabók.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar annast rekstur hennar og fer með fjárvörslu milli funda fulltrúaráðsins.

Stjórnina skipa fimm menn: Formaður fulltrúaráðs, féhirðir og ritari og formaður og varaformaður rannsóknarráðs. Stjórnin skal funda reglulega og skulu fundir skráðir í gerðabók. Engin laun eða þóknun eru greidd fyrir setu í stjórn.

6. gr.

Rannsóknarráð fer með æðsta vald um þau verkefni sem ráðist er í á vegum stofnunarinnar í þágu markmiða hennar, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Rannsóknarráðið skal skipað 5 mönnum hið minnsta og 20 hið mesta. Kjörtímabil ráðsmanns er 5 ár.

Rannsóknarráðið skal í upphafi tilnefnt af stofnendum. Rannsóknarráðið tilnefnir síðan sjálft nýja ráðsmenn, en staðfestingu stjórnar þarf þó til að hún öðlist gildi. Til setu í rannsóknarráðinu skulu aðeins veljast vísinda- og fræðimenn í fremstu röð. Engin laun eða þóknun eru greidd fyrir setu í rannsóknarráði.

Rannsóknarráðið kys formann og varaformann ráðsins, en staðfestingu stjórnar þarf þó til að hún öðlist gildi. Kjörtímabil þeirra er 3 ár. Formaður rannsóknarráðs stýrir rannsóknarverkefnum stofnunarinnar.

Formaður rannsóknarráðs setur fram rannsóknaráætlun fyrir upphaf almannaksárs og semur skýrslu um rannsóknarstarfsemi stofnunarinnar í lok hvers almannaksárs.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart stjórninni. Hann ræður starfsmenn og vikur þeim frá, hvort tveggja í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri semur rekstraráætlun fyrir upphaf reikningsárs og skýrslu um starfsemi stofnunarinnar í lok hvers reikningsárs.

Framkvæmdastjóri og formaður rannsóknarráðs ákvarða í sameiningu fjárveitingar til einstakra rannsóknarverkefna.

8. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000, sem stofnendur leggja fram, þar af er kr. 600.000 óskerðanlegt stofnfé.

Stofnunin þiggur fjárframlög og styrki frá einstaklingum, samtökum, stofnunum og fyrirtækjum er vilja veita markmiðum hennar brautargengi, en þó aðeins ef þeim fylgja ekki kvaðir um ráðstöfun eða nýtingu.

Á hverju ári er fulltrúaráði stofnunarinnar heimilt að veita allt að helmingi fjármuna hennar til rannsóknarverkefna, þó ekki af óskerðanlegu stofnfé.

Stofnunin getur tekið þátt í rannsóknarverkefnum annarra aðila og stofnana og lagt starfskrafta og fjármagn til þeirra.

Stofnunin getur ákveðið að selja einstök útgáfuverk sín og aðgang að ráðstefnum í þeim tilgangi að endurheimta útlagðan kostnað.

9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almannaksárið. Fulltrúaráðið skal samþykka og birta ársreikning hennar á aðalfundi. Ársreikningur skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem kjörinn er af fulltrúaráðinu. Reikningar stofnunarinnar skulu eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir ríkisendurskoðun, í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Afgangi eða halla af rekstri skal ráðstafa til hækkunar eða lækkunar á eigin fé stofnunarinnar.

Stofnunin verður ekki lögð niður nema með samþykki $\frac{3}{4}$ atkvæða á fundi fulltrúaráðsins og skal þá ráðstafa hreinni eign með hliðsjón af markmiðum hennar, sbr. og 6. gr. laga nr. 19/1988.

Breytingar á skipulagsskrá verða gerðar að tillögu stjórnar með samþykki $\frac{3}{4}$ atkvæða á fundum fulltrúaráðs, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988. Markmiðum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., er óheimilt að breyta.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Framangreint staðfest af stofnendum í Reykjavík þann 10. september 2004.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. október 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Akraneskaupstað.

1. gr.

Almenn heimild. Innifalið í gatnagerðargjaldi.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, sem eru á eignar- eða leigulóð í Akraneskaupstað, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Innifalið í gatnagerðargjaldi er gatnagerð, svo sem undirbygging gatna, tilheyrandi lagnir, vegna lagningar bundins slitlags, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar, sem gert er ráð fyrir í skipulagi.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra, eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús	8,0%
Rað- og fjöleignarhús	6,0%
Fjöleignarhús (6 íbúðir eða fleiri)	2,5%
Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði	5,5%
Iðnaðarhúsnæði	3,5%

Rúmmál byggingar skal reikna eftir ÍST 50 og miða við brúttóstærðir þ.m.t. bílgeymslur og önnur útihús.

Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.

Af gluggalausum kjallarárými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá.

Af bílgeymslum sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum skal greiða 50% af rúmmetragjaldi.

Í iðnaðarhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 3,3 metra lofthæð skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 3,3 metrar við útreikning rúmmetragjalds.

Gjald skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppráttum og ÍST 50.

Takmörkuð stöðuleyfi eru heimil til 6 ára í senn vegna dúkhúsa sem notuð verði fyrir innanhússræktun. Umsóknir um stöðuleyfi skulu berast byggingarnefnd sem afgreiðir viðkomandi beiðnir á grundvelli gildandi skipulags.

Gjald fyrir stöðuleyfi er heimilað til 6 ára í senn af húsum minni en 500 m² er kr. 100.000, hús sem eru 500-1000 m² er kr. 180.000, og fyrir hús 1001-2000 m² er kr. 250.000 og er tengt vísitölu byggingarkostnaðar í október 2004.

Útreikningur gjalda miðast við notkun samkvæmt ofangreindum flokkum. Verði notkun húsnæðis breytt þannig að það flytjist yfir í hærri gjaldflokk skal endurreikna gjaldið miðað við nýjan flokk að frádregnu eldra gjaldi.

3. gr.

Áætlun gatnagerðargjalds.

Nú er ekki fyrirbyggjandi samþykktur uppráttur og skal þá miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m ³
Rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m ³
Fjöleignarhús (5 íbúðir eða fleiri), hver íbúð	300 m ³

Í öllu öðru húsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 metrar nema uppráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 – 0,5 eftir nánari ákvörðun byggingar- og skipulagsnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur í 1. og 2. mgr., skulu gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

Endanlegt gatnagerðargjald skal reikna skv. 2. gr. þegar samþykktur uppráttur liggur fyrir og það greitt við veitingu byggingarleyfis.

4. gr.

Reglur um úthlutun lóða.

Innan eins mánaðar skal sá er fær lóð úthlutað greiða til bæjarsjóðs Akraness upp í væntanleg gatnagerðar-, byggingarleyfis-, tengi- og heimtaugargjöld. Greiðsla skal miðuð við eftirtaldir stærðir:

- 1) Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu 500 m³.
- 2) Íbúðir með raðhúsum og tvíbýlishúsum 400 m³.
- 3) Íbúðir í fjölbýlishúsum 300 m³.

Hafi lóðarhafi ekki greitt tilskilin byggingarleyfisgjöld innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar fellur úthlutunin úr gildi. Umsækjanda að lóð, sem fengið hefur tvisvar úthlutað sömu lóðinni, án þess að hann standi við þá skilmála að greiða innan eins mánaðar áætluð leyfisgjöld, verður ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn nema fyrir liggi greiðsla leyfisgjalds.

Endanleg álagning gjaldanna fer fram um leið og byggingarleyfið er veitt. Byggingarframkvæmdir verða ekki leyfðar nema fullnaðaruppgjör álagðra gjalda fari fram.

Lóðarhafa er heimilt að skila lóð og skal þá endurgreiða honum gjöld þau sem áður hafa verið greidd. Heimilt er að fresta endurgreiðslu gatnagerðargjalds í allt að 12 mánuði eftir að lóð er skilað gegn greiðslu almennra innlánsvaxta á innstæðu sem ógreidd kann að vera

í 3 mánuði eða lengur. Byggingarleyfisgjald er óendurkræft skv. byggingarreglugerð nr. 441/1998 gr. 27.

Úthlutun lóða fellur úr gildi í eftirfarandi tilvikum:

- a) Ef álögd gjöld eru ekki greidd innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar.
- b) Hafi teikningar af fyrirhugaðri byggingu ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 3 mánaða frá því að lóð var úthlutað. Byggingarfulltrúa er heimilt að veita viðbótarfrest í allt að einn mánuð í þeim tilfellum sem lóðarhafi sýnir fram á að frestur sé ekki nægur til að leggja fram nauðsynlegar teikningar af þeirri húseign sem byggja skal.
- c) Hafi framkvæmdir ekki hafist eða verið óverulegar 12 mánuðum eftir úthlutun lóðar.

Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum eða úthlutun fellur úr gildi af öðrum orsökum, skal bæjarsjóður endurgreiða gatnagerðargjald á því rúmmetragjaldi, sem gildir þegar lóðarúthlutun fellur úr gildi. Ákveði bæjarsjóður að fresta endurgreiðslu gjaldsins í allt að 12 mánuði skal inneign hvorki bera verðbætur eða vexti á þeim tíma. Bæjarsjóði skal heimilt að ákveða sér hæfilega þóknun fyrir þá þjónustu, sem veitt hefur verið áður en lóðarúthlutun féll úr gildi.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi fyrr en lóðarleigusamningur hefur verið gerður. Skilyrði þess að lóðarleigusamningur verði gerður við lóðarhafa er að hann hafi lokið frágangi á sökklum og grunnplötu.

Framkvæmdir á lóðinni eru háðar byggingarlögum og byggingarreglugerð, skipulagslögum, skilmálum og ákvæðum sem bæjarstjórn Akraness setur og fást afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

Lóðaruppráttur og mæliblöð verða afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs gegn framvísun kvittunar fyrir fyrirframgreiðslu byggingargjalda.

Með undirritun sinni á umsókn samþykkir lóðarhafi að hlíta ofangreindum reglum svo og þeim reglum sem vísað er til.

5. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds.

Greiða skal 50% gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingarleyfi er veitt. Hafi gjöldin eigi verið greidd innan ofangreinds frests, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi. Umsækjanda að lóð, sem fengið hefur sömu lóðinni úthlutað án þess að hann standi við þá skilmála að greiða innan eins mánaðar áætluð leyfisgjöld, verður ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn, nema fyrir liggja greiðsla leyfisgjalda.

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi tengdu veitingu byggingarleyfis séu sérstakar ástæður fyrir hendi.

6. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið veitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

7. gr.

Afturköllun lóðarúthlutunar og heimild til afturköllunar byggingarleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

8. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.
Lögveðsréttur.*

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Lögveðsrétturinn helst þó samið verði um greiðslufrest skv. 2. mgr. 5. gr. og skal þess getið í skilmálum.

9. gr.

*Um eldri samninga og gatnagerðargjöld,
álögð fyrir 1. janúar 1997.*

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997, skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness 12. október 2004.

Fyrri umræða fór fram þann 28. september 2004.

Um leið fellur úr gildi samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 28. október 2003 sbr. auglýsingu nr. 812/2003 í B-deild Stjórnartíðinda.

Akranesi, 12. október 2004.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Dalvíkurbyggð.

I. KAFLI

Hundahald.

1. gr

Hundahald í Dalvíkurbyggð sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

- a. Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir hundahaldi á lögbýlum, en skylt er að skrá þá á bæjar-arskrifstofum Dalvíkurbyggðar.
- b. Hundar á lögbýlum mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði 3. gr. d – j liðar eftir því sem við á.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa utan lögbýla í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Leyfi skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og óheimilt að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem heimildin er gefin út fyrir.
- b. Umsókn um leyfi til hundahalds skal skilað á þar til gerðu eyðublaði og leggja fram á bæjarskrifstofu Dalvíkurbyggðar. Þegar umsækjandi býr í fjöleignarhúsi skal umsókninni fylgja skriflegt leyfi annarra íbúa í samræmi við ákvæði stafl. A, 13. tölul. 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.
- c. Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir samþykktri gjaldskrá sveitarstjórnar, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarsvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega. Heimilt er sveitarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu, björgunarstarfa, minkaveiða og leiðsagnar fyrir blinda og sjóndappra. Sé eftir því leitað, skal leyfishafi færa sönnur fyrir því að honum beri ekki að greiða leyfisgjald, s.s. með vottorði frá viðurkenndri björgunarsveit, ella ber honum að greiða gjaldið.
- d. Skylt er leyfishafa að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi, þannig að tryggt sé að trygging nái til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda þriðja aðila. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við útgáfu leyfis og síðan árlega við greiðslu leyfisgjalds fyrir hundinn skv. c-lið.
- e. Allir hundar, 4 mánaða eða eldri skulu ormahreinsaðir árlega og eigendum ber að framvísa kvittun þar um ef eftirlitsmaður óskar þess.
- f. Hundar skulu örmerktir hjá dýralækni.
- g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
- h. Hundur skal aldrei vera laus á almannafæri. Undanþegnir eru minkahundar og leitarhundar þegar þeir eru að störfum. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.
- i. Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en 2 mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- j. Óheimilt er að fara með hund inn í almenningsfarartæki, þjónustustofnanir og fyrirtæki, einkarekin eða opinber, skóla og aðrar slíkar stofnanir, framleiðslu-, geymslu-, og/eða sölustaði matvæla, skv. hollustuháttarreglugerð nr. 941/2002.
- k. Verði vanhöld á greiðslu árlegs leyfisgjalds skv. c-lið fyrir hundinn, sýni leyfishafi ekki við greiðslu hins árlega leyfisgjalds staðfestingu tryggingafélags fyrir ábyrgðartryggingu hundsins skv. d-lið, að hann hafi verið ormahreinsaður skv. e-lið, skal skorað á leyfishafa með sannanlegum hætti að bæta úr greindum vanefndum sínum innan 4ra vikna frá dagsetningu áskorunarinnar en ella megi hann við því búast að verða sviptur leyfi sínu til hundahalds.

4. gr.

Dalvíkurbyggð getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og getur hann leitað aðstoðar lögregluþyrvalda, þegar þörf krefur. Hann tekur óskilahunda í vörslu og þá aðra hunda sem eru í sveitarfélaginu og ekki er leyfi fyrir. Kostnað við handsömun og geymslu hunds, s.s. vegna vinnu, aksturs og fóðrunar, greiðir eigandi við afhendingu, samkvæmt gjaldskrá.

Hundar sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja þegar í stað og er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að færa þá til aflifunar án frekari tafa. Öðrum hundum má lóga ef þeirra er ekki vitjað innan sjö daga frá handsömun, enda hafi framkvæmdin verið auglýst tryggilega áður.

Halda skal skrá yfir alla hunda í sveitarfélaginu þar sem fram koma upplýsingar um hundinn. Skráin skal vera aðgengileg fyrir lögreglu, landbúnaðarráð og dýraeftirlitsmann sé hann starfandi.

II. KAFLI Kattahald.

5. gr.

Allir heimiliskettir skulu merktir með hálsól, eyrnamerki eða örmerki. Eigendum katta er skylt að gæta þess að þeir valdi ekki nágrönnum ónæði. Berist skriflegar kvartanir, geta eigendur búist við að verða að sæta takmörkunum á dýrahaldi.

Eigendum katta er skylt að láta ormahreinsa þá árlega og framvísa kvittun þar um ef eftirlitsmaður óskar þess.

6. gr.

Bæjaryfirvöldum er heimilt að láta eyða ómerktum flækingsköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún á sér stað.

III. KAFLI Málsmeðferð og úrskurðir.

7. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hunda- og kattahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið.

8. gr.

Rísi ágreiningur út af framkvæmd samþykktarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IV. KAFLI Viðurlög.

9. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt 33. gr. laga nr. 7/1998, auk leyfissviptingar skv. k-lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Skal farið með slík mál að hætti opinberra mála, sbr. lög nr. 19/1991.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem sett er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar og samþykkt af heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 651/1996 um hunda- og kattahald á Dalvík.

Umhverfisráðuneytinu, 18. október 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbjörns Árnasonar.

1. gr.

Ástvinir og aðstandendur Þorbjörns Árnasonar, hafa stofnað sjóð til minningar um hann sem heitir Minningarsjóður Þorbjörns Árnasonar.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Kópavogi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga og fyrirtækja að upphæð kr. 1.000.000.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins telst vera stofn, sbr. 2. gr. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir og arður af eignum hans.
- b) Gjafir og áheiti sem honum kunna að berast.
- c) Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni hans.
- d) Aðrar tekjur.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan, hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að safna og veita fjármunum til kaupa á tækjum fyrir hjartaskurðeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og með því koma hjartaskurðeildinni á meðal þeirra fremstu á því sviði í heiminum.

Markmið sjóðsins er ekki eingöngu að standa fullan straum af kaupum á tækjum og nauðsynlegum hlutum til skurðeildarinnar heldur einnig að leita og vera í samstarfi við einka- sem og opinbera aðila, við fjárfestingar fyrir skurðeildina.

Einnig er heimilt að veita námsstyrki úr sjóðnum til lækna og/eða læknanema vegna framhaldsmenntunar á sviði hjartaskurðlækninga eða vegna rannsóknarverkefna á sama sviði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 8 einstaklingar. Eftirlifandi eiginkona Þorbjörns Árnasonar og börn hans og/eða beinir afkomendur þeirra tilnefna 7 þeirra og yfirlæknir í hjartaskurðlækningum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi tilnefnir 1.

Stjórn sjóðsins er heimilt með atkvæðum allra stjórnarmanna að fækka stjórnarmönnum. Stjórnarmenn skulu þó aldrei vera færri en 5.

Tilnefning skal gilda þar til stjórnarmaður óskar eftir að hverfa úr stjórn sjóðsins.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Gjaldkeri skal hafa á hendi vörslu sjóðsins.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær veita skal fé úr sjóðnum og í hvaða verkefni. Stjórnarmaður sem tilnefndur er af yfirlækni í hjartaskurðlækningum á Landspítala – háskóla-

sjúkrahúsi skal vera stjórninni til ráðgjafar varðandi tæki og/eða verkefni við ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal setja sér starfsreglur um úthlutanir styrkja.

Stjórn sjóðsins skal skrá allar ákvarðanir og úthlutanir í fundargerðarbók sína.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda, sem ráðinn er af stjórn sjóðsins.

9. gr.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt né Minningarsjóður Þorbjörns Árnasonar lagður niður nema með einróma samþykki sjóðsstjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eigum hans ráðstafað af stjórn sjóðsins, í þágu hagsmuna hjartasjúklinga.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. október 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi vegna byggingar 3ja íbúðarhúsa í landi Syðri-Varðgjár. Lóðirnar eru samlægar sunnanvert í landi jarðarinnar vestan Veigastaðavegar.

Tillagan hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og er nú auglýst til að taka þegar gildi sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 15. október 2004.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 916/2001 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágrípi“ í a-lið 8. tölul. kemur: einkaleyfis-skjals (lýsing, einkaleyfiskröfur, teikningar og ágríp).
- b. Á eftir 8. tölul. kemur nýr tölul., 9. tölul., sem orðast svo:
 9. Útgáfugjald skv. 2. tölul. 1. mgr. 77. gr. ell.:

a. grunngjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður einkaleyfis-skjals (lýsing, einkaleyfiskröfur og teikningar)	16.000
b. viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu umfram 40	700
- c. 9. tölul. verður 10. tölul.
- d. Á eftir 10. tölul. skv. c- lið að ofan kemur nýr tölul., 11. tölul., sem orðast svo:

11. Gjald fyrir útgáfu leiðréttrar þýðingar skv. 1. mgr. 86. gr. ell.	16.000
---	--------
- e. 10. tölul. verður 12. tölul.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40. – 42. og 82. gr. ell. eru sem hér segir:“ í 1. mgr. kemur: Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40. – 42. gr., 81. og 98. gr. ell. eru sem hér segir:
- b. Í stað orðanna „eða 3. mgr. 42. gr. ell.“ í 2. mgr. kemur: 3. mgr. 42. gr. eða 81. gr. ell.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo:

Gjöld fyrir einkaleyfi, sem veitt eru í samræmi við eldri lög, skv. 92. gr. ell., á grundvelli umsókna sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, sbr. 94. gr. ell., skulu vera sem hér segir:
- b. Í stað orðanna „2. mgr. 82. gr.“ í 3. mgr. kemur: 2. mgr. 98. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í 3. tölul. falla niður orðin „eða framlagningarskjali“.
- b. Gjald skv. 8. tölul. hækkar úr 17.000 kr. í 20.000 kr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi vöruhafnar, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 5. október 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðar Strýtu við Silfurtanga. Breytingin felst í því að skilgreindur er byggingarreitur fyrir 1200 m² frystigeymslu á norð-austurhluta lóðarinnar.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 18. október 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir urðunarstað Húnaþings vestra í landi Syðri Kárastaða, kt. 540598-2829. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið tekur gildi þann 8. nóvember 2004 og gildir til 1. febrúar 2017.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Malbikunarstöð Akureyrar við Súluveg, kt. 410169-6229. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið tekur gildi þann 8. nóvember 2004 og gildir til 1. júní 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpeyðingar Eyjafjarðar, Glerárdal, kt. 631293-2639. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið tekur gildi þann 8. nóvember 2004 og gildir til 1. júlí 2017.

Umhverfisstofnun, 13. október 2004.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýsluviðs.*

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Breyting á deiliskipulagi 4. áfanga Giljahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga Giljahverfis. Breytingin varðar lóð nr. 6-8 við Vesturgil og felst í stækkun lóðar um 3,5 m til vesturs og lengingu byggingarreits um 2,7 m til sömu áttar.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í því að leyfð mænishæð húss nr. 22 við Hólatún verður 5,0 m í stað 4,75 m.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í stækkun byggingarreita á lóðunum nr. 1-9 og 11-19 til vesturs, norðurs og suðurs, þannig að þeir verða 14 x 51,75 m í stað 12 x 50 m.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi. Sveitarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjon sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna breytinganna.

Akureyri, 15. október 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðast svo:

Íslenskar einkaleyfisumsóknir eru lagðar inn hjá Einkaleyfastofunni.

Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir, sem ná til Íslands, eru afhentar yfirvaldi eða alþjóðlegri stofnun sem telst réttur viðtakandi samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi. Ákvæði um Einkaleyfastofuna sem viðtökuyfirvald er að finna í 65. – 70. gr.

Evrópskar einkaleyfisumsóknir, sem taka til Íslands, eru afhentar yfirvaldi eða evrópskri stofnun sem telst réttur viðtakandi samkvæmt evrópska einkaleyfasamningnum. Ákvæði um Einkaleyfastofuna sem viðtökuyfirvald er að finna í 77. – 78. gr.

Ef annað er ekki tekið fram gilda ákvæði þessarar reglugerðar aðeins um:

- 1) íslenskar einkaleyfisumsóknir,
- 2) alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir, sem hafa verið yfirlærðar skv. 31. gr. einkaleyfalaga eða teknar til meðferðar skv. 38. gr. laganna, og
- 3) evrópskar einkaleyfisumsóknir sem hefur verið breytt í landsbundnar umsóknir skv. 88. gr. einkaleyfalaga.

2. gr.

Á eftir 9. tölul. 3. mgr. 7. gr. bætist við nýr tölul., 10. tölul., sem orðast svo, og breytist röð töluliða samkvæmt því:

- 10) ef umsókn er evrópsk einkaleyfisumsókn sem breytt hefur verið í landsbundna umsókn, númer evrópsku einkaleyfisumsóknarinnar, umsóknardag hennar samkvæmt evrópska einkaleyfasamningnum og þann dag sem evrópsku einkaleyfisumsókninni var breytt í landsbundna umsókn hér á landi.

3. gr.

Á eftir orðinu „(Búdapestsáttmálinn)“ í 1. mgr. 17. gr. a kemur: eða hjá öðrum varðveislustofnunum sem viðurkenndar eru af Evrópsku einkaleyfastofunni.

4. gr.

17. gr. c orðast svo:

Ný varðveisla sýnis af líffræðilegu efni skv. 7. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga skal vera í samræmi við ákvæði Búdapestsáttmálans um nýja varðveislu.

Ný varðveisla skal hefjast innan 3 mánaða frá þeim degi sem eigandi sýnisins fékk tilkynningu frá varðveislustofnuninni um að ekki væri hægt að afhenda sýnishorn af varðveittu líffræðilegu efni.

Hafi varðveislustofnun samkvæmt Búdapestsáttmálanum hætt störfum sem alþjóðleg varðveislustofnun fyrir þá tegund líffræðilegs efnis sem varðveislan tók til, eða uppfylli hún ekki lengur tilskildar kröfur um varðveislustofnanir, og hafi eigandi sýnisins ekki fengið vitneskju um þetta innan 6 mánaða frá því að Alþjóðahugverkastofnunin birti tilkynningu þar um getur ný varðveisla þó hafist innan 9 mánaða frá birtingu þeirrar tilkynningar.

Hafi varðveislustofnun, sem viðurkennd er af Evrópsku einkaleyfastofunni, hætt störfum sem varðveislustofnun fyrir þá tegund líffræðilegs efnis sem varðveislan tók til, eða uppfylli hún ekki lengur tilskildar kröfur um varðveislustofnanir og hafi eigandi sýnisins ekki fengið vitneskju um þetta innan 6 mánaða frá því að Evrópska einkaleyfastofan birti tilkynningu þar um, getur ný varðveisla þó hafist innan 9 mánaða frá birtingu þeirrar tilkynningar.

Umsækjandi skal, innan 4 mánaða frá þeim degi sem nýtt sýni af líffræðilegu efni var lagt inn hjá annarri stofnun, afhenda einkaleyfayfirvöldum afrit af kvittun um varðveisluna frá hinni nýju varðveislustofnun. Ef frestur sá sem um getur í 1. og 2. mgr. 17. gr. b rennur út síðar nægir þó að afhenda afrit af kvittuninni innan þess frests. Um leið og afrit af kvittuninni er afhent skal veita upplýsingar um númer umsóknar eða einkaleyfis sem sýnið tilheyrir.

5. gr.

Á eftir 17. gr. c kemur ný grein, 17. gr. d, sem orðast svo:

Hafi umsókn að geyma amínósýru- eða kirnaraðir, skal listi yfir raðirnar fylgja lýsingu. Listinn skal gerður í samræmi við þar til gerðan staðal Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

Einkaleyfastofan getur ákveðið að listi skv. 1. mgr. skuli einnig lagður inn á rafrænu formi. Sé listinn lagður inn á rafrænu formi skal umsækjandi gefa yfirlýsingu um að rafrænu upplýsingarnar séu þær sömu og fram koma á listanum skv. 1. mgr.

Einkaleyfastofunni er heimilt að ákveða að listi skv. 1. mgr. skuli eingöngu lagður inn á rafrænu formi.

6. gr.

1. másl. 2. mgr. 18. gr. orðast svo:

Hafi alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun viðurkennt ágríp af alþjóðlegri umsókn eða evrópskri einkaleyfisumsókn sem breytt hefur verið í landsbundna umsókn ber að leggja það til grundvallar.

7. gr.

1. másl. 1. mgr. 21. gr. orðast svo:

Grunngögn í íslenskrri einkaleyfisumsókn, einkaleyfisumsókn sem tekin er til meðferðar skv. 38. gr. einkaleyfalaga og evrópskri einkaleyfisumsókn sem óskað er eftir að verði breytt í landsbundna umsókn, teljast lýsing, teikningar og kröfur sem liggja fyrir á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku á umsóknardegi.

8. gr.

26. gr. orðast svo:

Einkaleyfisumsóknir þarf að rannsaka með tilliti til nýnæmis og einkaleyfishæfis, sbr. 2. gr. einkaleyfalaga.

Við nýnæmisrannsókn skal tekið tillit til alls sem þekkt er, þ. á m. birtra einkaleyfisumsókna, sem gerðar hafa verið aðgengilegar almenningi, og einkaleyfa, sem og annarra til-tækra upplýsinga og gagna ef það telst nauðsynlegt. Heimilt er að byggja á niðurstöðum erlendra stofnana sem rannsakað hafa nýnæmi og einkaleyfishæfi.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr.:

- a. 1. tölul. orðast svo: umsóknarnúmer og skráningarnúmer einkaleyfis ásamt heiti uppfinningar.
- b. 5. tölul. orðast svo: alþjóðaflokka.
- c. Á eftir 7. tölul. kemur nýr tölul., 8. tölul., sem orðast svo, og breytist röð tölulíða samkvæmt því:
 - 8) sé umsóknin evrópsk einkaleyfisumsókn sem breytt hefur verið í landsbundna umsókn, númer evrópsku einkaleyfisumsóknarinnar, umsóknardag hennar samkvæmt evrópska einkaleyfasamningnum og þann dag sem evrópsku einkaleyfisumsókninni var breytt í landsbundna umsókn hér á landi.

10. gr.

43. gr. orðast svo:

Einkaleyfayfirvöld halda skrá yfir einkaleyfi, veitt af Einkaleyfastofunni, og einnig yfir evrópsk einkaleyfi sem öðlast hafa gildi hér á landi.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr.:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Vegna einkaleyfa, sem Einkaleyfastofan veitir, skal eftirfarandi koma fram í einkaleyfaskrá:
- b. Á eftir b-lið 5. tölul. kemur nýr c-liður sem orðast svo:
 - c) ef umsóknin er evrópsk einkaleyfisumsókn sem breytt hefur verið í landsbundna umsókn, númer evrópsku einkaleyfisumsóknarinnar, umsóknardagur hennar sam-

kvæmt evrópska einkaleyfasamningnum og sá dagur sem evrópsku einkaleyfisum-sókninni var breytt í landsbundna umsókn hér á landi.

12. gr.

Á eftir 44. gr. kemur ný grein, 44. gr. a, sem orðast svo:

Evrópsk einkaleyfi, sem taka til Íslands, skulu færð í einkaleyfaskrá þegar Evrópska einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu um veitingu einkaleyfis eða tekið ákvörðun um að staðfesta einkaleyfi í breyttri útgáfu og umsækjandi hefur lagt inn þýðingar og greitt útgá-ugjald skv. 1. mgr. 77. gr. einkaleyfalaga.

Að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. eru eftirfarandi upplýsingar færðar í einkaleyfaskrá:

- 1) sá dagur sem Evrópska einkaleyfastofan birti tilkynningu um veitingu einkaleyfis,
- 2) sá dagur sem Einkaleyfastofan tók við þýðingum og gjöldum skv. 1. mgr. 77. gr. einka-leyfalaga, auk birtingardagsetningar auglýsingar skv. 3. mgr. 77. gr. einkaleyfalaga,
- 3) umsóknardagur og, ef um hlutunarumsókn er að ræða, sá dagur sem hlutunarumsóknin var lögð inn, og
- 4) upplýsingar þær sem um getur í 1. – 3., b- og d-lið 5., 6. og 9. tölul. 44. gr.

Hafi Evrópska einkaleyfastofan birt tilkynningu um þá ákvörðun að evrópskt einkaleyfi, sem tekur til Íslands, skuli staðfest í breyttri útgáfu skal dagsetning tilkynningarinnar færð í skrána. Leggi einkaleyfishafi inn nýjar þýðingar og greiði gjald skv. 1. mgr. 77. gr. einka-leyfalaga innan frests skv. 1. mgr. 81. gr. skal fært í einkaleyfaskrána hvenær það var gert og hvenær Einkaleyfastofan birti auglýsingu þess efnis.

Hafi skilyrði um þýðingar og gjöld skv. 3. mgr. ekki verið uppfyllt innan tilskilins frests skv. 1. mgr. 81. gr. skulu upplýsingar þess efnis færðar í skrána.

Hafi Evrópska einkaleyfastofan tekið ákvörðun um að takmarka, fella niður eða ógilda evrópskt einkaleyfi sem tekur til Íslands skulu upplýsingar þess efnis færðar í skrána.

Afhendi einkaleyfishafi leiðrétta þýðingu á einkaleyfi og greiði tilskilið gjald skv. 1. mgr. 86. gr. einkaleyfalaga skal fært í skrána hvenær framangreint átti sér stað og hvenær Einkaleyfastofan birti auglýsingu þess efnis.

13. gr.

Á eftir kaflanum „Yfirfærsla á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn o.fl.“ kemur nýr kafli, „Evrópskar einkaleyfisumsóknir, einkaleyfi o.fl.“ með átta nýjum greinum og breytist röð greina samkvæmt því:

a. (77. gr.)

Þegar evrópsk einkaleyfisumsókn er lögð inn hjá Einkaleyfastofunni er umsóknardagur færður á umsóknargögn, gefin út kvittun fyrir móttöku gagna og Evrópsku einkaleyfastof- unni tilkynnt að Einkaleyfastofan hafi tekið við umsókn, sbr. 2. og 3. mgr. 24. gr. fram- kvæmdareglugerðar við evrópska einkaleyfasamninginn (á ensku: Implementing Regulations to the Convention on the Grant of European Patents).

Einkaleyfastofan framsendir umsókn til Evrópsku einkaleyfastofunnar í samræmi við 77. gr. evrópska einkaleyfasamningsins og viðeigandi ákvæði framkvæmdareglugerðarinnar.

b. (78. gr.)

Þegar Einkaleyfastofan tekur við beiðni frá umsækjanda, í samræmi við 2. mgr. 136. gr. evrópska einkaleyfasamningsins, um að evrópskri einkaleyfisumsókn verði breytt í lands- bundna umsókn framsendir Einkaleyfastofan þegar í stað beiðnina ásamt afriti af umsókn- inni til einkaleyfayfirvalda í þeim löndum sem tilgreind eru í beiðninni.

c. (79. gr.)

Þegar evrópsk einkaleyfisumsókn hefur verið framsend Einkaleyfastofunni í samræmi við 136. gr. evrópska einkaleyfasamningsins tilkynnir Einkaleyfastofan umsækjanda það svo fljótt sem auðið er.

Innan þriggja mánaða frá þeim degi, sem Einkaleyfastofan sendi tilkynningu skv. 1. mgr., skal umsækjandi greiða tilskilið umsóknargjald og afhenda þýðingu af umsókninni í samræmi við 1. mgr. 3. gr.

d. (80. gr.)

Einkaleyfastofan heldur sérstaka dagbók yfir þær evrópskar einkaleyfisumsóknir sem þýðing hefur verið afhent fyrir í samræmi við 83. gr. einkaleyfalaganna. Dagbókin er aðgengileg almenningi.

Í dagbókina skal færa eftirtalin atriði:

- 1) númer umsóknar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni,
- 2) nafn og heimilisfang umsækjanda,
- 3) þann dag sem þýðing eða leiðrétt þýðing var afhent Einkaleyfastofunni,
- 4) dagsetningu birtingar tilkynningar um afhendingu þýðingar eða leiðréttrar þýðingar,
- 5) umsóknardag umsóknar,
- 6) þær upplýsingar sem um getur í 4. – 6., 13. og 16. – 17. tölul. 3. mgr. 7. gr.,
- 7) ef umsókn er hlutunarumsókn, þann dag sem hlutunarumsóknin var lögð inn.

Ef þýðing er lögð inn og gjald greitt skv. 1. mgr. 77. gr. einkaleyfalaga er sú dagsetning og dagsetning auglýsingar skv. 3. mgr. 77. gr. færðar í dagbókina.

e. (81. gr.)

Umsækjandi skal leggja inn hjá Einkaleyfastofu þýðingar og greiða útgáfugjald skv. 1. mgr. 77. gr. einkaleyfalaga innan fjögurra mánaða frá þeim degi sem Evrópska einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu um veitingu einkaleyfis eða tekið ákvörðun um að staðfesta einkaleyfið í breyttri útgáfu.

Með þýðingu skv. 1. mgr. 77. gr. einkaleyfalaga skulu fylgja upplýsingar um númer einkaleyfis og nafn og heimilisfang umsækjanda eða einkaleyfishafa. Ef skilyrði þessu er ekki fullnægt skal litið svo á að þýðingin hafi ekki verið lögð inn.

Ef skilyrðum skv. 1. mgr. er ekki fullnægt öðlast evrópska einkaleyfið ekki gildi hér á landi.

f. (82. gr.)

Með þýðingu skv. 83. gr. einkaleyfalaga skulu fylgja upplýsingar um númer umsóknar, nafn umsækjanda og heimilisfang. Sé skilyrði þetta ekki uppfyllt skal litið svo á að þýðingin hafi ekki verið lögð inn.

g. (83. gr.)

Í auglýsingu, sem birt er um afhendingu þýðinga skv. 77. gr. einkaleyfalaga, skulu koma fram upplýsingar þær sem getið er um í 2. mgr. 81. gr., auk upplýsinga um tækniflokkun einkaleyfis, heiti uppfinningar, umsóknardag og þann dag sem Evrópska einkaleyfastofan birti tilkynningu um veitingu einkaleyfis eða töku ákvörðunar um að staðfesta einkaleyfið í breyttri útgáfu. Ef krafist er forgangsréttar skal koma fram hvar forgangsréttarumsókn var lögð inn, svo og umsóknardagur og umsóknarnúmer þeirrar umsóknar.

Í auglýsingu, sem birt er um afhendingu þýðingar skv. 83. gr. einkaleyfalaga, skulu koma fram upplýsingar þær sem getið er um í 82. gr., auk upplýsinga um tækniflokkun umsóknar, heiti uppfinningar og umsóknardag. Ef krafist er forgangsréttar skal koma fram hvar forgangsréttarumsókn var lögð inn, svo og umsóknardagur og umsóknarnúmer þeirrar umsóknar.

h. (84. gr.)

Sé þýðing leiðrétt skv. 86. gr. skal afhenda nýtt eintak af allri þýðingunni þar sem greinilega kemur fram í hverju leiðréttingarnar felast. Leiðréttingu skulu fylgja upplýsingar um númer einkaleyfis eða umsóknar og nafn og heimilisfang einkaleyfishafa eða umsækjanda.

Ef skilyrðum skv. 1. mgr. er ekki fullnægt er litið svo á að hin leiðréttu þýðing hafi ekki verið afhent.

Í auglýsingu, sem birt er skv. 1. mgr. 86. gr. einkaleyfalaga, skulu koma fram þær upplýsingar sem getið er um í 2. mgr. 81. gr., auk upplýsinga um tækniflokkun einkaleyfis, heiti uppfinningar og þann dag sem Einkaleyfastofan móttók hina leiðréttu þýðingu.

Í auglýsingu, sem birt er skv. 2. mgr. 86. gr. einkaleyfalaga, skulu koma fram þær upplýsingar sem getið er um í 82. gr., auk upplýsinga um tækniflokkun umsóknar, heiti uppfinningar og þann dag sem Einkaleyfastofan móttók hina leiðréttu þýðingu.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 69. og 90. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. október 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl.
í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins,
nr. 136 3. mars 1995.**

1. gr.

2. gr., sbr. reglugerð nr. 502 11. ágúst 1997, orðist svo:

Ákvæði 4. undirgr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gildir einnig um farþegaflutninga innanlands, aðra en reglubundna farþegaflutninga, sbr. 5. undirgr. 1. mgr. 6. gr.

Ákvæði 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gildir í reglubundnum farþegaflutningum innanlands.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. mgr. 44. gr., 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44. 7. maí 1993, til innleiðingar á 20., 20.a, 21., 23. og 23.a tölul. XIII. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 11. október 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Ytra-Hólmi 1, Innri-Akraneshreppi.

Hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir 3 einbýlishús að Ytra-Hólmi 1.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Innri-Akraneshrepps, 5. október 2004.

Ása Helgadóttir oddviti.

18. október 2004

Nr. 855

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, athafnasvæði-Helluhraun, 1. áfangi, Hringhella 14, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. september 2004 breytingu á deiliskipulagi, athafnasvæði-Helluhraun, 1. áfangi, Hringhella 14, Hafnarfirði. Breytingin felst í stækkun byggingarreits til beggja hliða samtals um 5 m. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 18. október 2004.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

11. október 2004

Nr. 856

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Nýtt deiliskipulag vegna „Reykjavíkurvegar 50-52 og Flatahrauns 1“.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 nýtt deiliskipulag fyrir „Reykjavíkurveg 50-52 og Flatahraun 1“ í Hafnarfirði. Tillagan felst í meginatriðum í því að við Reykjavíkurveg 52 og Flatahraun 1 verði gerðar tvær íbúðarlóðir fyrir fjölbýlishús með allt að 78 íbúðum. Jafnframt fellur úr gildi breyting á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar“ vegna Reykjavíkurvegar 50 sem samþykkt var 7. desember 1999. Farið var með málið samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegur“.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegur“. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum er breytt til samræmis við nýrri áætlanir. Farið var með breytinguna samkv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. október 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna lagningu ökutækja við Ofanleiti að austanverðu. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

Á sama grundvelli hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að biðskylda verði á eftirtöldum götum á Kjalarnesi:

1. Á Hofsgrund fyrir umferð um Brautarholtsveg.
2. Á Vallargrund fyrir umferð um Hofsgrund.
3. Á Esjugrund fyrir umferð um Vallargrund
4. Á Víkurgrund fyrir umferð um Vallargrund.
5. Á útkeyrsluleið frá Klébergsskóla fyrir umferð um Vallargrund.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. október 2004.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2003.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:

	Kr.
Innheimtir dráttarvextir	209.148.969
Innheimtuþóknun vegna erlendrar innheimtu	3.931.869
Önnur innheimtuþóknun	5.905.585
Endurkrafinn fjárnámskostnaður	7.039.899
	226.026.322

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	91.822.119
Annar rekstrarkostnaður	57.239.218
	<u>149.061.337</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	76.474.492
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4.372.042
Rekstrarniðurstaða	80.846.534

Efnahagsreikningur 31. desember 2003.**Eignir:**

<i>Veltufjármunir:</i>	Kr.
Meðlagskröfur til innheimtu	9.363.506.325
Óinnheimtar kröfur	4.428.534
Handbært fé	47.951.658
	<u>9.415.886.517</u>
Eignir samtals	9.415.886.517

Eigið fé og skuldir:*Eigið fé:*

Framlag Jöfnunarsjóðs	7.451.125.150
Annað eigið fé	1.827.061.710
	<u>9.278.186.860</u>
Eigið fé samtals	9.278.186.860

Lífeyrisskuldbinding	82.523.464
-----------------------------------	-------------------

Skammtímaskuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	56.230.096
Félagsmálaráðuneytið	13.497.177
Erlendar innheimtur	865.133
Ógreiddur kostnaður	3.789.739
	<u>74.382.145</u>

Skuldir og lífeyrisskuldbinding samtals	<u>156.095.609</u>
---	--------------------

Eigið fé og skuldir samtals **9.435.092.469**

Reykjavík, 24 maí 2004.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga,

Sigurgeir Sigurðsson,

Húnbogi Þorsteinsson,

Stefanía Traustadóttir.

Hilmar Björgvinsson forstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hálsabyggð fyrir frístundahús í landi Laufáss, Borgarbyggð.

Um er að ræða að stærð húss á lóð nr. 5 á Lambalækjarflöt er breytt úr 70 m² í 90 m² að grunnfleti.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Hún hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreind breyting á skipulagi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 11. október 2004.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

